



Borgarráð

Stjörnugróf 11, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Félagsbústöðum hf. kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, lóð og byggingarrétt fyrir 750 m² (A og B rými) byggingu á lóðinni Stjörnugróf 11 sem er 3.118 m².

Gatnagerðargjald miðað við 750 m² viðbótarbyggingarrétt er 9.260.250 kr. Greitt er fyrir byggingarréttinn 45.000 kr. á fermetra sem er verð byggingarréttar fyrir húsnæðisfélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Greitt er fyrir byggingarréttinn 33.750.000 kr. miðað við 750 m² byggingarmagn ofanjarðar.

Heildargreiðsla fyrir byggingarrétt auk gatnagerðargjalda er 43.010.250 kr.

Hluta byggingarréttar verður skuldajafnað á móti 12% stofnframlagi Reykjavíkurborgar sem veitt er á grundvelli laga nr. 52/2016. Gjaldþagi gatnagerðargjalda og mismunar byggingarréttar og stofnframlags Reykjavíkurborgar er 45 dögum frá úthlutun borgarráðs.

Heimilt er að byggja 6 íbúðir á lóðinni.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærri hús á lóðinni er nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá sem þá gildir.

Tengigjald fráveitu greiðist skv. gjaldskrá Veitna.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs getur borgarráð afturkallað úthlutun lóðar, sbr. grein 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt. Heimilt er að ganga frá lóðarleigusamning þegar kaupverð er greitt, sbr. grein 1.16 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðirnar almennir lóða og framkvæmdaskilmálar frá því í júní 2013 sem finna má á heimasíðu Reykjavíkurborgar og deiliskipulagsskilmálar fyrir Fossvogshverfi - breyting á deiliskipulagi fyrir Stjörnugróf 7, 9 og 11 sem tóku gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 9.1.2019 sem finna má á skipulagssjá Reykjavíkurborgar.

Óli Jón Hertervig